

Mál nr. 59/2021**M og
V v/ slysátryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort líkamsmeiðsl megi rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttækið 11.2.2021, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 25.2.2021.

Málsatvik.

M starfaði sem bifreiðarstjóri hjá A. Hann varð fyrir meiðslum í vinnu 17. mars 2020. Hann leitaði sama dag kl. 11 á bráðamóttöku á heilsugæslustöð. Í læknisvottorði, dags. 8. júní 2020, vegna þeirrar komu á heilsugæslustöðina segir að hann hafi leitað þangað vegna verkja í baki. Um morguninn hafi hann fengið tak í bakið í vinnunni. Hafi hann verið að koma í veg fyrir að „palletta“ detti niður.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkrátrygginga Íslands, dags. 13. maí 2020, sem undirrituð er af M og A, kemur fram að samkvæmt frásögn M hafi hann verið losa vörubretti í nánar tilgreindu fyrirtæki í Kópavogi. Við hlið vörubrettisins sem hann hafi verið að taka hafi verið bretti með háum vörustafli sem hafi fallið yfir hann.

A hefur í gildi slysátryggingu launþega hjá V. Í tilkynningu um slysið til V, dags. 2. júlí 2020, undirrituð af lögmanni fyrir hönd M, segir að M hafi verið að afferma vörubifreið sína á afgreiðslusvæði A í Reykjanesbæ þegar „palletur“ hafi fallið yfir hann.

Vegna misræmis í því sem fram kom um orsök meiðslanna, annars vegar í framangreindu læknisvottorði og hins vegar í tilkynningunum til Sjúkrátrygginga Íslands og V gerði M grein fyrir því í tölvubréfi til lögmanns síns, dags. 15. júlí 2020, að læknirinn hlyti að hafa misskilið hann. Hann hafi verið að lyfta vörubretti („pallet“) þegar annað fór að falla á hann. Hann hafi ekki komist undan þannig að hann hafi ýtt því með brjóstkassanum upp að veggnum og fundið mikinn verk í bakinu.

Í málskoti hefur atvikum verið lýst svo af hálfu M að hann hafi verið við vinnu sína fyrir A á athafnasvæði fyrirtækis í Kópavogi. Hafi hann verið að lyfta þremur vörubrettum upp með handlyftu (tjakk) en staflinn af vörubrettum hafi verið um tveir metrar á hæð. Þegar hann lyfti vörubrettunum hafi efstu vörubrettin byrjað að falla á hann og hann brugðist þá við með því að ýta á móti vörubrettunum í átt að vegg. Við að ýta á vörubrettin hafi hann orðið fyrir miklum sársauka í bakinu.

M hefur krafist bóta vegna þeirra meiðsla sem hann varð fyrir úr fyrrgreindri slysátryggingu launþega hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem meiðslin hafi ekki orðið af völdum slyss í skilningi skilmála slysátryggingarinnar.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum V fyrir slysátryggingu launþega kemur m.a. fram að vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka og félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður er verður fyrir og með orðinu ”slys“ sé í skilmálunum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

Í gögnum málsins gæti verulegs misræmis varðandi tildrög þess að M fann fyrir einkennum í baki í vinnu 17. mars 2020. Segir ýmist að atvikið hafi orðið á afgreiðslusvæði A í Reykjanesbæ eða á athafnasvæði tiltekins fyrirtækis í Kópavogi. Þá er ekki ljóst hvort það hafi verið vörubretti eða vörustafli við hlið þeirra vörubretta sem hann var að lyfta sem hafi fallið á hann eða verið í þann mund að falla á hann ellegar að það hafi verið efstu vörubrettin sem hann var að lyfta, eins og segir í málskoti, sem hafi verið að falla á hann þannig að hann hafi þurft að ýta þeim upp að vegg til að varna því að þau myndu falla yfir hann. Engin heildstæð mynd liggur þannig fyrir um það sem gerðist þannig að nægilega ljóst sé að bakeinkenni hans megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar líkt og áskilið er í skilmálum vátryggingarinnar svo um bótaskyld slys geti verið að ræða. Af þessu leiðir að M telst ekki eiga rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 16. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.